

# Viðmið Skautasambands Íslands

2022-2023



# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>HLUTVERK AFREKSNEFNDAR ÍSS</b>	<b>2</b>
<b>2</b>	<b>HÓPAR OG VIÐMIÐ ÍSS 2022-2023</b>	<b>2</b>
<b>2.1</b>	<b>VIÐMIÐ AFREKSHÓPS OG AFREKSEFNA</b>	<b>2</b>
2.1.1	AFREKSHÓPUR	2
2.1.2	AFREKSEFNI	2
2.1.3	HÆFILEIKAMÓTUN	2
<b>2.2</b>	<b>GJALDGENGI Í AFREKSHÓP OG HÓP AFREKSEFNA</b>	<b>3</b>
<b>3</b>	<b>VAL Í LANDSLIÐ OG Á MÓT MEÐ FJÖLDATAKMÖRKUNUM</b>	<b>3</b>
<b>3.1</b>	<b>ÍSLANDSMEISTARAMÓT ÍSS</b>	<b>3</b>
<b>3.2</b>	<b>VIRK KEPPNISÞÁTTAKA</b>	<b>3</b>
<b>3.3</b>	<b>VIRK ÞÁTTAKA Í VERKEFNUM AFREKSHÓPS ÍSS</b>	<b>3</b>
<b>3.4</b>	<b>INNIHALD PRÓGRAMMA</b>	<b>3</b>
3.4.1	EFTIRFARANDI GILDIR FYRIR SKIL Á INNIHALDI PRÓGRAMMA	4
3.4.2	SKAUTARAR SEM HYGJAST KEPPA UPP FYRIR SIG Á ISU MÓTI	4
<b>3.5</b>	<b>ÞÆTTIR SEM KOMA TIL ÁLITA OG STIGAGJÖF</b>	<b>4</b>
<b>4</b>	<b>MÓT SEM ERU METIN TIL VIÐMIÐA</b>	<b>5</b>
<b>4.1</b>	<b>SKIL Á PROTOCOLUM</b>	<b>5</b>
<b>5</b>	<b>KEPPNISÞÁTTAKA</b>	<b>5</b>
<b>5.1</b>	<b>ÞÁTTAKA Á GILDUM MÓTUM</b>	<b>5</b>
<b>5.2</b>	<b>ÞÁTTAKA Á ALÞJÓÐLEGUM FÉLAGAMÓTUM (E. INTER-CLUB)</b>	<b>5</b>
<b>5.3</b>	<b>SKIPTING Á MILLI KEPPNISFLOKKA</b>	<b>5</b>

Stjórn ÍSS gefur út viðmið fyrir afrekshópa og afreksefni við val á keppendum í landslið og þátttöku íslenskra keppenda á opnum mótum á vegum Alþjóðlega Skautasambandsins (ISU). Afreksnefnd vinnur eftir reglugerð ÍSS um fastanefndir.

## 1 Hlutverk afreksnefndar ÍSS

Hlutverk afreksnefndar er tíundað í reglugerð um Afreksnefnd.

## 2 Hópar og viðmið ÍSS 2022-2023

Í afreksstefnu ÍSS er farið yfir stuðning ÍSS við skautara í afrekshópi og afreksefnum (sjá afreksstefnu ÍSS).

### 2.1 Viðmið afrekshóps og afreksefna

Keppendum ÍSS í ISU flokkum er skipt upp í þrjá hópa eftir frammistöðu og mati á Technical Element Score (TES): Afrekshópur, afreksefni og hæfileikamótun.

#### 2.1.1 Afrekshópur

Afrekshópur	Stutt prógram (TES)	Frjálst prógram (TES)
Senior Women	25.00	42.00
Junior Women	25.00	40.00

Lágmarkseinkunnir í stuttu og frjálsu prógrammi inn í afrekshóp eru alþjóðleg lágmark gefin út af ISU. Þessar einkunnir veita keppnisrétt á stórmót ISU. Nánari upplýsingar má finna í Communication 2500.

Í flokkum Junior og Senior þurfa keppendur að ná viðmiðum fyrir afrekshóp í bæði stuttu og frjálsu prógrammi á ISU móti. Ekki þarf að ná viðmiðum fyrir stutt og frjálst prógram á sama móti.

#### 2.1.2 Afreksefni

Afreksefni	Stutt prógram (TES)	Frjálst prógram (TES)
Senior Women	17.00	27.00
Junior Women	17.00	27.00
Advanced Novice	12.00	21.00

Í flokkum Advanced Novice, Junior og Senior þurfa keppendur að ná viðmiðum fyrir afreksefni í bæði stuttu og frjálsu prógrammi á sama mótinu.

#### 2.1.3 Hæfileikamótun

Hæfileikamótun eru þeir keppendur sem ekki hafa náð stigaviðmiðum ÍSS en keppa í keppnisflokkum Advanced Novice, Junior og Senior.

## 2.2 Gjaldgengi í afrekshóp og hóp afreksefna

Þeir skautarar sem náðu viðmiðunum á síðastliðnu keppnistímabili eru nú þegar gjaldgengir í afrekshóp og hóp afreksefna fyrir þetta tímabil. Þetta á einnig við um þá keppendur sem flytjast á milli keppnisflokka þ.e. úr Advanced Novice í Junior og úr Junior í Senior. Skautari sem er í afrekshóp Junior fer í afreksefni Senior þar til hann nær viðmiði í nýja keppnisflokknum. Hafi skautari enn aldur til fellur hann undir afrekshóp Junior. Skautari telst keppandi í keppnisflokki þegar hann hefur lokið keppni í þeim flokki á gildu móti. Mótið skal uppfylla kröfur reglugerðar nr. 302 um gild mót.

## 3 Val í landslið og á mót með fjöldatakmörkunum

Við val keppenda í landslið og/eða á mót sem eru á lista ISU er litið til margra samverkandi þátta.

### 3.1 Íslandsmeistaramót ÍSS

Þátttaka á Íslandsmeistaramóti er skilyrði. Skila þarf inn læknisvottorði ef skautari keppir ekki vegna veikinda eða meiðsla en vill koma til álita við val á mót.

### 3.2 Virk keppnisþátttaka

Skilyrði er að keppendur sýni fram á virka keppnisþátttöku á tímabilinu. Virk keppnisþátttaka telst að lágmarki eitt mót á haustönn og eitt mót á vorönn. Mót sem telja til virkrar keppnisþátttöku eru þau sem uppfylla skilyrði um protocol (sjá lið 3.6). Samkvæmt lið 3.6 er virk keppnisþátttaka á viðkomandi keppnistímabili skilyrði fyrir vali í landslið og/eða mót á ISU lista.

### 3.3 Virk þátttaka í verkefnum afrekshóps ÍSS

Skilyrði er að keppendur taki þátt í öllum verkefnum sem viðkoma þátttöku hjá ÍSS. Skautasamband Íslands fær styrki úr afrekssjóði ÍSÍ ef kröfur um virka afreksstefnu og þátttöku keppenda í afreksstefnu sambandsins eru uppfylltar. Það er því nauðsynlegt fyrir ÍSS að keppendur, sem teljast til afrekshóps og/eða afreksefna, taki þátt í afreksstarfi Skautasambandsins. Ef um sérstök tilfalli er að ræða er hægt að óska eftir undanþágu hjá afreksnefnd.

Eftirfarandi verkefni verða á dagskrá á vegum ÍSS:

- Fræðsluerindi
- Æfingabúðir
- Viðtal við sjúkrapjálfa á vegum ÍSS
- Viðtal við afreksnefnd
- Markþjálfun og markmiðasetning

### 3.4 Innihald prógramma

Litið er til skylduæfinga ISU í stuttu prógrammi. Eftirfarandi viðmið gilda fyrir flokka Advanced Novice, Junior og Senior:

#### Advanced novice

- Skyldustökk gefin út af ISU
- Allar píróettur verða að vera að lágmarki level 2
- Sporasamsetning (StSq) verður að vera að lágmarki level 2

#### Junior

- Skyldustökk gefin út af ISU

- Allar þíróettur verða að vera að lágmarki level 2
- Sporasamsetning (StSq) verður að vera að lágmarki level 2

### Senior

- Skyldustökk gefin út af ISU
- Allar þíróettur verða að vera að lágmarki level 3 utan einnar sem má vera level 2
- Sporasamsetning (StSq) verður að vera að lágmarki level 2

#### 3.4.1 Eftirfarandi gildir fyrir skil á innihaldi prógramma

- Stökk með value -5 eða << verða ekki talin uppfyllt element nema annað sé sérstaklega tekið fram.
- Ef skautari skilar tvöföldu stökki -5 eða << þar sem nægir að skila einföldu telst það gilt einfalt stökk. Ef skautari skilar þreföldu stökki -5 eða << þar sem nægir að skila tvöföldu telst það gilt tvöfalt stökk.
- Ef skautari skilar öllum elementum nema einu í stuttu prógrammi má sækja eitt element í frjálst prógram.

#### 3.4.2 Skautarar sem hyggjast keppa upp fyrir sig á ISU móti

Hafi skautari aldur til og staðist grunnpróf í viðkomandi flokki getur hann sótt um að keppa upp fyrir sig erlendis. Skautarinn þarf að sýna lágmarkskröfur um innihald prógrams fyrir viðkomandi flokk. Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt:

- Keppendur þurfa að ná TES viðmiðum fyrir viðkomandi flokk fyrir afreksefni í stuttu prógrammi
- Skylduæfingar skulu innihalda lágmarkskröfur ISU fyrir viðkomandi flokk.
- Í æfingabúðum á vegum ÍSS þarf skautari að sýna frjálst prógram fyrir keppni í viðkomandi flokki. Í undantekningartilfellum er hægt að sækja um að sýna prógrammið undir öðrum kringumstæðum.

### 3.5 Þættir sem koma til álita og stigagjöf

Stig eru gefin fyrir hvern þátt sem hér segir að undanskildu ákvæði um þátttöku á Íslandsmeistaramóti, virka keppnisþátttöku og virka þátttöku í verkefnum ÍSS. Fyrir TES viðmið þá er horft á gild mót síðastliðna 12 mánuði.

Hér má finna alla þá þætti sem koma til álita við val í landslið og/eða við val á ISU mót:

Skilyrði til að koma til álita:

- Þátttaka á Íslandsmeistaramóti (sjá 3.1)
- Virk keppnisþátttaka á keppnistímabili (sjá 3.2)
- Virk þátttaka í verkefnum afrekshóps ÍSS (sjá 3.3)
- Uppfyllt ÍSS viðmið um tæknieinkunn (TES) um afreksefni (sjá 2.1)

#### ***Þættir til hækkunar í styrkleikaflokkun***

	Stig
Uppfyllt ISU TES viðmið – stutt prógramm	2
Uppfyllt ISU TES viðmið – frjálst prógramm	2
Innihald prógrama*	1

\* Erfiðleikastig og framkvæmd elementa geta koma til álita (sjá töflu í kafla 3.5 hér að ofan)

Meðaltal af heildareinkunn móta síðastliðinna 12 mánaða (Total Score) (ekki er sama mót reiknað tvisvar sinnum). Meðaltal skilur aðeins á milli skautara ef þeir eru jafnir á ofantöldum stigum.

ÍSS áskilur sér rétt til þess að kalla eftir læknisvottorði (ekki eldra en 6 vikna) um keppnishæfi og skal því skilað til afreksnefndar þremur vikum fyrir áætlaða keppni.

Val fer einungis fram ef ÍSS á takmörkuð pláss, eða svokallaðan kvóta, á mót og ef ÍSS óskar eftir styrkleikaröðun fyrir ákveðin verkefni.

## 4 Mót sem eru metin til viðmiða

Protocol frá gildum mótum samkvæmt reglugerðum ÍSS verða metin til viðmiða. Öll protocol frá ÍSS og ISU mótum munu sjálfkrafa vera skoðuð og metin. Sjá reglugerð ÍSS nr 302 um gild mót.

### 4.1 Skil á protocolum

Senda þarf inn beiðni um mat á protocol og yfirlit yfir dómara fyrir alþjóðleg og opin félagamót til afreksnefndar innan tveggja vikna frá viðkomandi móti vilji skautari fá það metið til viðmiða. Senda skal inn úrslitasíðu protocols, þ.e. fyrsta síðan, eða link á úrslit móts. Keppandi (18 ára og eldri) / forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á [afreksnefnd@iceskate.is](mailto:afreksnefnd@iceskate.is). Afreiðslutími erinda er tvær vikur.

## 5 Keppnisþátttaka

### 5.1 Þátttaka á gildum mótum

Hægt er að óska eftir því til Skautasambandsins að einstaklingur í flokki afrekshóps/afreksefna fái að taka þátt á gildu móti sbr. reglugerð ÍSS nr 302. Afreksnefnd metur viðkomandi keppendur í samræmi við styrkleika mótsins sem sótt er um þátttöku á. Skautari telst keppandi í keppnisflokk þegar hann hefur lokið keppni í þeim flokki á gildu móti. Mótið skal uppfylla kröfur reglugerðar 302 um gild mót.

Þjálfari og keppandi (18 ára og eldri)/forráðamaður ber ábyrgð á því að senda allar viðeigandi upplýsingar og fylgigögn á [afreksnefnd@iceskate.is](mailto:afreksnefnd@iceskate.is). Ósk um þátttöku þarf að berast 3 vikum fyrir lokaskráningu viðkomandi móts. Báðum aðilum verður svarað. Ef ÍSS fær úthlutað takmörkuðum fjölda á mótið þarf val og styrkleikaröðun að fara fram áður en að skráning kemur og því mikilvægt að tímamörk séu virt. Athuga skal að RIG er hluti af mótum á ISU lista.

### 5.2 Þátttaka á alþjóðlegum félagamótum (e. Inter-Club)

Þátttaka íslenskra keppenda á öllum mótum erlendis skal tilkynnt til Skautasambands Íslands. Ef óskað er eftir því að protocol mótsins séu tekin til greina eftir þátttöku skal fylgja lið 4.1.

### 5.3 Skipting á milli keppnisflokka

Þegar skautari færast upp um keppnisflokk þarf hann að uppfylla öll skilyrði afreksnefndar um viðkomandi keppnisflokk áður en hægt er að sækja um keppni á alþjóðlegu móti.